

Hagkaup / Hagar verslanir ehf.
Skútuvogi 5
104 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2024
UST202402-327/B.B.B.
07.00

Niðurstaða eftirlits - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 28.2.2024 þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með snyrtivörum, í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram í verslun Hagkaupa í Kringlunni og voru tólf snyrtivörur valdar af handahófi frá sex vörumerkjum. Allar vörurnar voru með annað fyrirtæki sem ábyrgðaraðila og voru niðurstöður því kynntar þeim.

Engin frávík komu fram varðandi þær vörur fyrirtækisins sem féllu undir umfang eftirlitsins og telst máli þessu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með snyrtivörum sem eru framleiddar eða skráðar á ábyrgðaraðila hér á landi og því aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur sem lentu í úrtaki. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Hagar verslanir ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Upplýsingar um snyrtivörur, REACH og þrávirk lífræn efni má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <https://ust.is/atvinnulif/efni/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur, varðandi eftirlitsverkefnið í síma 591-2000 eða gegnum netfangið bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason,
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla